

Yfirlýsing Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna breytinga á starfsskyldum starfsmanna leik- og grunnskóla á neyðarstigi almannavarnarlaga og á tímum Covid – 19.

Reykjavík 6. nóvember 2020

Félag grunnskólakennara hefur hefur sent frá sér yfirlýsingu til trúnaðarmanna í grunnskólum þar sem tilmælum Sambands íslenskra sveitarfélaga og túlkun sambandsins um borgarlega skyldu starfsmanna á neyðarstigi almannavarnarlaga er hafnað. Þar er því mótmælt að grunnskólar geta falið starfsmönnum breyttar starfsskyldur án viðbótargreiðslna s.s. að fela kennurum fjarkennslu án þess að greiða fjarkennsluálag samkvæmt grein 1.6.3 í kjarasamningi FG.

Í ljósi framangreinds er mikilvægt að áréttta eftirfarandi til sveitarfélaga og stjórnenda í grunn- og leikskólum er varðar ákvæði til bráðabirgða II við lög nr. 82/2008 um almannavarnir sem hljóðar svo:

„Það er borgaraleg skylda starfsmanna opinberra aðila að gegna störfum í þágu almannavarna á hættustundu. Opinberum aðilum er heimilt að fela starfsmönnum tímabundið breyttar starfsskyldur og að flytja starfsmenn tímabundið milli starfsstöðva og opinberra aðila til að sinna verkefnum sem hafa forgang á hættustundu. Starfsmenn halda óbreyttum launakjörum við slíkar aðstæður. Þó er starfsmaður undanþeginn framangreindri skyldu sé heilsufari hans, eða annars einstaklings sem hann ber ábyrgð á, svo háttáð að öryggi hans og heilsu sé stefnt í sérstaka hættu með því að fela honum að gegna slíkum störfum.“

Með ákvæðinu hefur Alþingi Íslendinga sett í lög ákvæði sem heimilar að breyta starfsskyldum og flytja starfsmenn milli starfsstöðva og opinberra aðila. Til áréttingar skal tekið fram að lög þessi ganga kjarasamningum framár. Samkvæmt lögnum virkjast heimildin sjálfkrafa á hættustundu en hættustund er skilgreint sem hæsta stig almannavarna sem í dag er neyðarstig.

Í skýringum með ákvæðinu segir jafnframt:

„Eðlilegt er að opinberir aðilar geti nýtt mannauð sinn á slíkum tímum í þau verkefni sem eru mikilvægust hverju sinni án þess að þurfa að yfirfara kjarasamninga og ráðningarsamninga og til að koma í veg fyrir hugsanlegar deilur um launakjör, yfirvinnu og aðrar greiðslur. Með samþykkt frumvarpsins munu starfsskyldur starfsmanns ná til þess að sinna þeim borgaralegu skyldum á hættustundu sem honum er falið samkvæmt þessu ákvæði.“

„Í dæmaskyni má nefna að aðgerðir sem miða að því að hindra útbreiðslu farsóttta geta falist í því að færa fólk til í störfum með ýmsum hætti. Sama á við um viðbrögð og aðgerðir til að viðhalda almannaþjónustu á hættustundu vegna annarrar vár. Mögulega þarf að færa þjónustu af starfsstöð þannig að t.d. dagþjónustu fatlaðra og/eða aldraðra verði sinnt í heimaþjónustu, kennslu hjá menntastofnunum verði sinnt í fjarkennslu eða qerðar verði kröfur um að starfsmenn vinni heima. Þá getur þurft að fela starfsmönnum önnur störf en þeir gegna alla jafna svo sem að gegna auknu hlutverki varðandi þrif og sóttvarnir, fara úr sérhæfðum sérfræðistörfum í þjónustu- eða afgreiðslustörf o.s.frv. Í ítrustu tilfellum getur þurft að færa fólk milli vinnustaða, t.d. ef sú staða kemur upp að fjöldi starfsmanna á einni starfsstöð eða á einum vinnustað er í sóttkví og því þurfi að leita aðstoðar annarra opinberra aðila til að sinna nauðsynlegri almannaþjónustu. Þannig getur þessi heimild falið í sér flutning milli starfa innan sveitarfélags, milli sveitarfélaga, milli sveitarfélaga og ríkis, milli ríkisstofnana, o.s.frv. samkvæmt samkomulagi þeirra opinberu aðila sem um ræðir hverju sinni að teknu tilliti til meðalhófs.“

Með vísan til framangreinds er ljóst að ákvæðið er ekki einskorðað við flutning starfsmanna milli starfsstöðva og raunar er sérstaklega tekið fram í skýringum með lögunum að um geti verið að ræða að kennslu hjá menntastofnunum sé breytt úr hefðbundinni staðkennslu í fjarkennslu.

Í þessu samhengi hefur nokkuð verið rætt um skilgreiningu á því hvað felst í hugtakinu fjarkennsla skv. grein 1.6.3 í kjarasamningi FG. Ákvæðið skilgreinir þetta ekki með sérstökum hætti og það hefur heldur ekki verið gert í samstarfsnefnd aðila að undanskyldu því að á þeim tíma sem ákvæðið er tekið upp voru aðilar sammála um að fjarkennslu fylgi hugsnalega meiri undirbúningur en þörfin fyrir hann er skv. bókun samstarfsnefndar ávallt metin af skólastjóra í samráði við kennara. Á þeim tíma sem ákvæðið varð til og fór inn í kjarsamning var fjarkennsla almenn og hefðbundinn á þann veg að kennari kenndi nemendum í gengum staðbundinn fjarfundarbúnað í skólastofu. Kennslan fór því fram í rauntíma í mynd og hljóði þar sem nemendur gátu verið fjarri kennslustaðnum eða í blönduðum hópum í skólastofunni og utan hennar.

Í ljósi 33. fundargerðar (17. apríl 2001) samstarfsnefndar FG og LN um fjarkennslu ætti, óháð neyðarstigi almannavarnarlaga, s.s. í þeim tilvikum sem umtalsverður vinnuafsláttur er gefinn s.s. af kennsluskyldu, að vera heimilt að mæta fjarkennsluálagi með lækkun á kennsluskyldu í stað greiðslu álags.

Í dæmaskyni skal einnig tekið fram að borgarleg skylda á með sama hætti við um starfsmenn í leikskólum sem fá þá ekki greitt fyrir undirbúning sem kann að falla niður vegna þess að starfsmanni eru falin önnur störf á sama tíma og hann á að vera í undirbúningi skv. 6 mgr. gr. 2.7.1. í kjarasamningi FL.

Með vísan til til framangreinds er það svo í öllum tilvikum að ekki ber að greiða sérstaklega fyrir breytingar á starfsskyldum meðan neyðarstig er í gildi. Starfsmenn halda því óbreyttum launakjörum nema ef þeir taka að sér starf sem almennt eru greidd hærri laun fyrir eða ef vinnuframlag þeirra fer umfram hefðbundna vinnuskyldu. Starfsmenn halda einnig óbreyttum launakjörum þótt vinnuframlag minnki vegna aðgerða tengda breyttri starfsemi á hættustund.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði
Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði
Ellisif Tinna Víðisdóttir, lögfræðingur á kjarasviði
Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs